

LÖG ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

1. kafli Skipulag

1. grein

- 1.1. Sambandið heitir Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands, skammstafað ÍSÍ. Það er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu, sbr. ákvæði íþróttalaga.
- 1.2. Varnarþing og heimili sambandsins er í Reykjavík.
- 1.3. Íþrótt er ástundun líkamlegrar þjálfunar til keppni og heilsuræktar.
- 1.4. ÍSÍ starfar sjálfstætt og ber að hafna öllum þrýstingi, hvort sem hann er af pólitískum, trúarlegum eða efnahagslegum toga, svo sem kveðið er á um í Ólympíusáttmálanum.
- 1.5. Sem landssamband á Íslandi, er nýtur viðurkenningar Alþjóðaólympíunefndarinnar (the International Olympic Committee – IOC) og heyrir Ólympíuhreyfingunni til, tekst ÍSÍ á hendur að sínu leyti og fyrir hönd framkvæmdastjórnar sinnar og allra sambandsaðila að virða Ólympíusáttmálan og Alþjóðalyfjareglurnar og að hlíta ákvörðunum aðalfunda Alþjóðaólympíunefndarinnar.
- 1.6. Í samræmi við tilgang sinn og markmið sem landssamband heitir ÍSÍ því að leggja lið að aðgerðum í þágu friðar og vinna að því að efla stöðu kvenna í íþróttum og íþróttamálum á grundvelli jafnréttis. Einnig heitir ÍSÍ því að styðja og efla virðingu siðareglna í íþróttum, að berjast gegn lyfjamisnotkun og að sýna ábyrga umhyggju gagnvart málefnum á sviði umhverfisverndar, er á reynir í sambandi við iðkun íþróttu.

2. grein Sambandsaðilar

- 2.1. ÍSÍ er landssamband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda.
- 2.2. Aðilar að héraðssamböndum/íþróttabandalögum eru félög sem hafa iðkun íþróttu á stefnuskrá sinni.
- 2.3. Aðilar að sérsamböndum eru héraðssamböndin/íþróttabandalögin.

3. grein Héraðssambönd – Sérsambönd

- 3.1. Héraðssambönd/íþróttabandalög eru mynduð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um iðkun íþróttu.
- 3.2. Sérsambönd eru mynduð um ákveðnar íþróttagreinar og eru landsamtök allra héraðssambanda, sbr. kafla 6, sem hafa iðkun þeirrar íþróttagreinar á stefnuskrá sinni.
- 3.3. Þau félög innan hvers héraðssambands/íþróttabandalags sem leggja stund á sömu íþróttagrein, geta myndað sérráð sbr. kafla 8.

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

- 3.4. Aðeins má viðurkenna eitt sérsamband fyrir hverja íþróttagrein. Er þá við miðað, að það samband verði eða geti orðið aðili að alþjóðasérsambandi fyrir þá íþróttagrein, er njóti viðurkenningar Alþjóðaólympíunefndarinnar.
- 3.5. Ólympísk sérsambönd eru þau sambönd, er eiga aðild að viðurkenndu alþjóðasérsambandi fyrir íþróttareinir, sem eru á dagskrá Ólympíuleikanna. Ber þessum samböndum að halda uppi virkri starfsemi á sviði íþróttareinir sinnar heima fyrir og á alþjóðavettvangi, einkum með því að skipuleggja og taka þátt í keppnismótum og sjá fyrir kerfisbundinni þjálfun íþróttamanna.

4. grein Tilgangur og markmið

- 4.1. Tilgangur sambandsins er að:

- a) Efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi, sbr. íþróttalög.
- b) Stuðla að þróun afreksíþrótta svo og almenningsíþrótta (íþróttu fyrir alla).
- c) Annast samstarf um íþróttamál við ríkisvaldið og aðrar lögmætar stofnanir að þeirri viðleitni að virkja íþróttir í þágu mannkyns.
- d) Vera fulltrúi Íslands í íþróttamálum almennt gagnvart öðrum þjóðum.
- e) Kynna grundvallaratriði Ólympíuhugsjónarinnar á vettvangi íþróttaiðkunar hér á landi og stuðla með öðrum hætti að útbreiðslu hennar, meðal annars með kynningu hugsjónarinnar innan végbanda íþróttakennslu og skólaíþrótta og fyrir tilstuðlan stofnana, er helgi sig fræðslu um Ólympíuhreyfinguna. Ennfremur með því að hlutast til um stofnun Ólympíakademíu og Ólympíusafns og aðra menningarstarfsemi, sem tengd er Ólympíuhreyfingunni.
- f) Tryggja að Ólympíusáttmálinn sé virtur á Íslandi.
- g) Mynda, skipuleggja og leiða sendinefndir Íslands á Ólympíuleikunum og á svæðaleikum, álfuleikum og fjöliþróttahemsleikum, sem haldnir eru undir vernd Alþjóðaólympíunefndarinnar. ÍSÍ tekur ákvörðun um þátttöku íþróttamanna, sem tilnefndir hafa verið af viðkomandi sérsamböndum. Það tilnefnir fararstjóra og ber ábyrgð á hegðun þeirra, sem sendir eru til leikanna.
- h) Stuðla að þjálfun leiðtoga í íþróttum með skipulagningu námskeiða, er taki mið af grundvallaratriðum Ólympíuhugsjónarinnar.
- i) Berjast gegn hvers kyns mismunun og ofbeldi í íþróttum, hvort sem um er að tefla mismunun vegna kynþáttar, trúarbragða, stjórmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar eða af öðrum toga.
- j) Berjast gegn notkun hvers kyns efna og aðferða sem bönnuð eru af IOC eða alþjóðasérsamböndum. Gera ráðstafanir sem hafa að markmiði að koma í veg fyrir að heilsu íþróttamanna sé stefnt í hættu, í samræmi Alþjóðalyfjareglurnar.
- k) Samþykka og framkvæma Alþjóðalyfjareglurnar og tryggja með því að stefnur og reglur ÍSÍ í lyfjaeftirlitsmálum, aðildar- og/eða fjármögnunarkröfur og verklagsreglur um meðferð niðurstaðna séu í samræmi við Alþjóðalyfjareglurnar og virði öll hlutverk og ábyrgðarsvið íþróttasamtaka sem eru skráð í Alþjóðalyfjareglurnar.
- l) Vinna að því að tryggja að í íþróttum ríki drengskapur og að ofbeldi verði bannað.
- m) Taka þátt í starfsemi Ólympíusamhjálparinnar.
- n) Afla tekna er gera sambandinu kleift að halda fullu sjálfstæði. Tekjuöflun skal þó fara fram

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

í samræmi við Ólympíusáttmálann og með þeim hætti að ekki rýri virðingu eða sjálfstæði ÍSÍ.

- 4.2. Sem landssamband innan Ólympíuhreyfingarinnar hefur ÍSÍ það markmið að tryggja framgang og verndun Ólympíuhreyfingarinnar hér á landi, í samræmi við Ólympíusáttmálann. Að þessu skal meðal annars unnið með því að halda uppi góðu samstarfi við stjórnvöld og við önnur frjáls samtök eða stofnanir. Aldrei má ÍSÍ þó tengast við starfsemi eða athafnir, sem brjóta myndu í bága við Ólympíusáttmálann.
- 4.3. ÍSÍ hefur eitt heimild til að koma fram af Íslands hálfu á Ólympíuleikunum og á svæðaleikum, álfuleikum og öðrum fjöлíþróttahemsleikum, sem haldnir eru undir verndarvæng Alþjóðaólympíunefndarinnar. Jafnframt ber ÍSÍ skylda til að taka þátt í sumarólympíuleikum með því að senda þangað íþróttamenn.

2. kafli Réttindi og skyldur félaga

5. grein

Starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni

- 5.a. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlutið refsídóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar og launþegar.
- 5.1. Félag verður aðili að ÍSÍ með inngöngu í hlutaðeigandi héraðssamband/íþróttabandalag.
- 5.2. Skilyrði fyrir inngöngu í héraðssamband/íþróttabandalag eru að:
- a) Félagið hafi iðkun íþróttar sem samþykkt hefur verið af framkvæmdastjórn ÍSÍ á stefnuskrá sinni.
 - b) Félagið standi ekki fyrir iðkun íþróttar eða stundi þjálfun sem er ekki samþykkt af Alþjóðaólympíunefndinni eða Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra og framkvæmdastjórn telur að geti vegna eðli íþróttarinnar/þjálfunarinnar valdið líkamstjóni.
 - c) Rekstur íþróttafélags sé einskorðaður við hagsmuni þess og þeirrar starfsemi sem tengist iðkun íþróttar og sé ekki í hagnaðarskyni.
 - d) Lög félagsins gangi hvorki í berhögg við lög og reglur ÍSÍ né hlutaðeigandi héraðssambands/ íþróttabandalags og hafi hlutið staðfestingu þeirra. Allar síðari lagabreytingar skulu staðfestar af stjórn hlutaðeigandi héraðssambands og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
 - e) Félagsaðild sé ávallt öllum frjáls og ekki séu aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, leyfa.
 - f) Félagsmenn hafi allir sama rétt, þ.m.t. atkvæðisrétt um málefni félagsins, sbr. þó 7. gr.
 - g) Nafn félagsins samrýmist íslensku máli og málvenju. Leitast skal við að velja ekki nafn á félagið sem er þegar í notkun hjá félagi/félögum á Íslandi.
 - h) Félagið sé óháð erlendum samtökum um allt annað en alþjóðaíþróttareglur enda gangi þær hvorki í berhögg við lög ÍSÍ né reglur Alþjóðaólympíunefndarinnar, IOC.

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

- 5.3. Með inntökubeiðninni skal félagið senda lög og aðrar samþykktir sínar, félagatal, ásamt upplýsingum um stjórn, helstu nefndir og um stofndag félagsins.
- 5.4. Hafi félagið á stefnuskrá sinni iðkun íþróttar, sem hefur ekki áður verið stunduð innan aðildarfélags ÍSÍ skal viðkomandi héraðssamband/íþróttabandalag vísa umsókninni til ákvörðunar framkvæmdastjórna ÍSÍ.
- 5.5. Hafi félagið á stefnuskrá sinni fleiri en eina íþróttagrein er féluginu heimilt að stofna deild um hverja þeirra, samanber lög viðkomandi félags. Stofnun deilda skal tilkynna til viðkomandi héraðssambands-/íþróttabandalags og viðkomandi sérsambands. Aðalstjórn félags fer með æðsta vald í féluginu milli aðalfunda og ber ábyrgð á starfi og fjárhag félagsins í heild.

6. grein Synjun á aðild

- 6.1. Neiti héraðssamband/íþróttabandalag félagi um inngöngu, má skjóta máli því til úrskurðar framkvæmdastjórna ÍSÍ.

7. grein Kjörgengi - kosningaráttur

- 7.1. Kjörgengi og kosningaráttur til Íþróttapings og til ársþinga sambandsaðila ÍSÍ hafa allir lögráða félagsmenn.

8. grein Skýrslur

- 8.1. Fyrir 15. apríl árlega skulu sambandsaðilar ÍSÍ senda framkvæmdastjórn ÍSÍ starfsskýrslur síðasta árs í tölvuskrá samkvæmt forriti sem ÍSÍ leggur til ásamt félaga- og iðkendatali síðasta starfsárs. Aðili, sem ekki skilar skýrslum í tæka tíð missir rétt til þátttöku í Íþróttapindi, svo og í opinberum íþróttamótum þar til skýrslum hefur verið skilað eða samið við framkvæmdastjórn um stuttan frest til þess. Við beitingu þessarar greinar skal leitast við að refsingu sé beitt gagnvart þeim aðila, deild, félagi eða sambandi sem ábyrgð bera á því að skýrslu er ekki skilað.

9. grein Úrsögn sambandsaðila

- 9.1. Sambandsaðili sem segir sig úr ÍSÍ, telst ganga úr sambandinu frá upphafi næsta reikningsárs. Úrsögn er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt með 4/5 hluta atkvæða viðstaddir atkvæðisbærra fulltrúa á lögmætum aðalfundi viðkomandi sambandsaðila.

3. kafli Stjórn ÍSÍ

10. grein

- 10.1. Íþróttat- og Ólympíusambandi Íslands er stjórnað af:
 - a) Íþróttapindi
 - b) framkvæmdastjórn ÍSÍ
 - c) framkvæmdaráði
- 10.2. Reikningsár ÍSÍ er almanaksárið.

11. grein Íþróttapindi

- 11.1. Íþróttapindi er æðsta vald um málefni ÍSÍ

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

- 11.2. Íþróttapring skal haldað annað hvert ár, á tímabilinu 1. mars til 1. júní. Skal það auglýst með þriggja mánaða fyrirvara og ítrekað síðar. Framkvæmdastjórn ákveður fundarstað. Kjör eða tilnefning fulltrúa til setu á Íþróttapringi fer sérstaklega fram fyrir hvert þing.
- 11.3. Eigi síðar en 2 vikum fyrir Íþróttapring skal senda aðilum dagskrá þingsins, reikninga, fjárhagsáætlun, tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem framkvæmdastjórn hyggst leggja fyrir þingið.
Framlagning gagna fyrir og á Íþróttapringi má vera á rafrænu formi, verði því við komið.
- 11.4. Tillögur sem óskast teknar fyrir á Íþróttapringi, skulu hafa borist framkvæmdastjórn 4 vikum fyrir þingsetningu.
- 11.5. Á Íþróttapringi skal kjósa 5 manna kjörnefnd og two til vara, sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd eigi síðar en 3 vikum fyrir Íþróttapring. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt sambandsaðilum. Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða.
Til að tilkynning um að framboð teljist löglegt skal eitt ólympískt sérsamband og eitt héraðssamband eða íþróttabandalag hafa lýst yfir stuðningi við það.
Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

12. grein

- 12.1. Á Íþróttapringi eiga sérsambönd fulltrúa samkvæmt eftирgreindum reglum og iðkendafjölda síðastliðins starfsárs:
Sérsamband sem hefur 999 iðkendur eða færri á 2 fulltrúa, 1 frá stjórn sérsambands og 1 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands.
Sérsamband sem hefur 1.000 - 4.999 iðkendur á 3 fulltrúa, 1 frá stjórn sérsambands og 2 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands.
Sérsamband sem hefur 5.000 - 9.999 iðkendur á 5 fulltrúa, 1 frá stjórn sérsambands og 4 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands.
Sérsamband sem hefur 10.000 iðkendur eða fleiri á 7 fulltrúa, 2 frá stjórn sérsambands og 5 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands.
Hvert sérsamband skal kjósa jafnmarga varamenn og nemur fulltrúatölu þess.
Sambandsþingum sérsambanda er heimilt að vísa vali á fulltrúum á Íþróttapring til stjórna sambanda enda sé það samþykkt af 4/5 þingfulltrúa.
- 12.2. Héraðssambönd og íþróttabandalög eiga samanlagt jafn marga fulltrúa á Íþróttapringum og sérsambönd fá samkvæmt grein 12.1. Skiptast fulltrúar á héraðssamböndin og íþróttabandalögum í hlutfalli við fjölda félagsmanna samkvæmt félagalatali síðastliðins starfsárs fyrir Íþróttapring. Þó skal hvert héraðssamband og íþróttabandalag fá að lágmarki 1 fulltrúa á Íþróttapring. Hvert héraðssamband -íþróttabandalaga skal kjósa jafnmarga varamenn og nemur fulltrúatölu þess.
Frá héraðssamböndum og íþróttabandalögum sem hafa færri en 10.000 félaga skal einn fulltrúi koma frá stjórn viðkomandi sambands/bandalags, tveir ef félagsmenn eru á bilinu

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

10.000 til 19.999, þrír ef félagsmenn eru á bilinu 20.000 til 29.999 og fjórir ef félagsmenn eru 30.000 eða fleiri. Aðrir fulltrúar skulu kosnir á fundi sambandsins/bandalagsins.

12.3. Á Íþróttæbingi skulu þessir fulltrúar einnig eiga sæti:

- Fulltrúar Alþjóðaólympíunefndarinnar á Íslandi, ef um er að ræða. Fulltrúi, sem kjörinn er til setu í nefndinni á grundvelli þess, að hann eigi ríkisfang og búsetu eða aðalbækistöð sína á Íslandi, skal einnig eiga sæti í framkvæmdastjórnum ÍSÍ, sbr. gr. 17.1.
- Fjórir fulltrúar ungra íþróttamanna, sem kosnir skulu óbundinni kosningu í upphafi Íþróttæbinga, þar af skulu tveir fulltrúar koma úr röðum íþróttamanna sem tekið hafa þátt í Ólympíuleikum. Mega þeir íþróttamenn hafa lokið keppnisferli sínum en skulu þó eigi kjörgengir eftir lok þriðju ólympíóðu frá því að þeir kepptu síðast á Ólympíuleikum. Kjörinn fulltrúi í Alþjóðaólympíunefndinni, heiðursfélagi hennar eða félagi, sem nefndin hefur heiðrað með aðild, má ekki eiga sæti á Íþróttæbingi eða í framkvæmdastjórnum ÍSÍ, hafi honum verið vísað úr nefndinni.

12.4. Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 2 vikum fyrir Íþróttæbingu.

12.5. Rétt til setu á Íþróttæbingi með málfrelni og tillögurétt hafa:

- framkvæmdastjórnum ÍSÍ og framkvæmdastjóri
- heiðursforseti og heiðursfélagar
- endurskoðendur
- formaður dómstóls ÍSÍ og forseti áfrýjunardómstóls ÍSÍ
- formenn fastanefnda
- auk þess getur framkvæmdastjórnum boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

12.6. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Þegar teknar eru ákvarðanir varðandi ráðstöfun lottótekna, þarf samþykki 2/3 hluta viðstaddir atkvæðisbærra fulltrúa. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en þrjú atkvæði og þá eingöngu fyrir það samband/bandalag sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

12.7. Við afgreiðslu á málum er tengjast Ólympíuleikum, Ólympíuleikum ungmenna, Smáþjóðaleikum, Ólympíuhátið Evrópuæskunnar og Ólympíusamjhálpinni gilda aðeins atkvæði ólympísku sérsambandanna, enda hafi meirihluti ólympískra sérsambanda samþykkt það. Komi slík krafa fram skulu ólympísku sérsamböndin greiða um það atkvæði áður en mál er tekið til afgreiðslu.

Við atkvæðagreiðslur hefur hvert ólympískt sérsamband eitt atkvæði og fara sömu fulltrúar ólympískra sérsambandanna og lýst geta yfir stuðningi við framboð skv. gr. 11.5. með atkvæði sérsambandanna.

Komi ekki fram krafa um að ólympísku sérsamböndin greiði ein atkvæði eða hafi slík krafa ekki hlutið stuðning meirihluta ólympísku sérsambandanna skulu gilda sömu reglur um meðferð þessara mála og um önnur mál. Verði ágreiningur um það hvort mál tengist ofangreindum

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

ólympísku málaflokkum skal þingforseti úrskurða um það. Bera má úrskurð þingforseta undir Íþróttapindi og við þá atkvæðagreiðslu skulu fulltrúar ólympísku sérsambandanna fara með meirihluta atkvæða.

- 12.8. Það samræmist ekki stöðu ÍSÍ sem samtaka á sviði frjálsrar íþróttastarfsemi, að opinber stjórnvöld tilnefni fulltrúa á Íþróttapring með atkvæðisrétti. Á hinn bóginn er sambandsaðilum frjálst að kjósa menn, er gegna stjórnunarstörfum í þágu ríkis eða sveitarfélaga, sem fulltrúa sína á Íþróttapringi. Hið sama á við um kjör eða tilnefningu fulltrúa samkvæmt gr. 12.3.
- 12.9. Fulltrúar á Íþróttapringi skulu ekki þiggja laun af neinu tagi vegna starfa sinna. Þessi meginregla hefur þó ekki áhrif á laun manna, sem gegna stjórnunarstörfum á sviði íþróttu.

13. grein Dagskrá Íþróttapings

- 13.1. Dagskrá Íþróttapings skal vera eftirfarandi:
 1. Forseti setur þing.
 2. Kjörnir 1. og 2. þingforseti.
 3. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
 4. Kosning ungra íþróttamanna skv. gr. 12.3.
 5. Kosning 5 manna kjörbréfanefndar.
 6. Ávörp gesta.
 7. Lögð fram skýrsla framkvæmdastjórnar.
 8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
 9. Umræður og samþykkt reikninga.
 10. Kosning þingnefnda:
 - a) Fjárhagsnefnd 5 manna.
 - b) Allsherjarnefnd 5 manna.
 - c) Laganefnd 5 manna.
 - d) Aðrar nefndir skv. ákvörðun þings hverju sinni.
 11. Stofnun nýrra sérsambanda.
 12. Lagabreytingatillögur.
 13. Móta- og keppendareglur ÍSÍ.
 14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
 15. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
 16. Þingnefndir starfa.
 17. Kjörnefnd kynnir framboð.
 18. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
 19. Tillögur fjárhagsnefndar.
 20. Kosningar:
 - a) Framkvæmdastjórn sbr. 17. gr.
 - b) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
 - c) Sex dómarar í dómstól ÍSÍ og sex dómarar í áfrýjunardómstól ÍSÍ.
 - d) Kjörnefnd 5 manna og tveir til vara, sbr. grein 11.5
- Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta Íþróttapringi að undanskilinni kosningu til framkvæmdastjórnar er gildir til fjögurra ára. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

21. Þingslit.

14. grein Aukaþing

- 14.1. Aukaþing skal kalla saman með a.m.k. mánaðar fyrirvara:
 - a) Eftir ákvörðun Íþróttapings.
 - b) Þegar a.m.k. helmingur sambandsaðila óskar þess.
- 14.2. Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukaþingi skulu hafa borist framkvæmdastjórn ÍSÍ 15 dögum fyrir þingsetningu.
- 14.3. Eigi síðar en 10 dögum fyrir aukaþing skal senda aðilum dagskrá þingsins.
- 14.4. Á aukaþingi má ekki gera breytingar á lögum eða öðrum reglum ÍSÍ né kjósa í stjórn þess, nema bráðabirgðastjórn, ef meiri hluti framkvæmdastjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum ástæðum, eða stjórnin að eigin dómi hefur orðið óstarfhæf.
- 14.5. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og kjörnir voru til næsta reglulegs þings á undan og gilda sömu kjörbréf. Kjósa má nýja fulltrúa í stað þeirra sem eru látnir, veikir eða hættir afskiptum af starfi þeirra sambandsaðila sem þeir voru fulltrúar fyrir.
- 14.6. Að öðru leyti gilda um aukaíþróttapings sömu ákvæði og um reglulegt Íþróttapings.

15. grein Formannafundur

- 15.1. Forseti skal boða til formannafundar á tímabilinu október til desember ár hvert. Formannafund skal boða með minnst mánaðar fyrirvara, og dagskrárlíðir kynntir eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Formannafundur er ráðgefandi samkoma og er heimilt að álykta um málefni tengd starfsemi ÍSÍ og skulu þær ályktanir vera í samræmi við lög og stefnu sambandsins.
- 15.2. Formannafund sækja:
 - a) Framkvæmdastjórn ÍSÍ
 - b) Formenn héraðssambanda/íþróttabandalaga
 - c) Formenn sérsambanda

Í forföllum framkvæmdastjórnarmanna taka varamenn framkvæmdastjórnar sæti í þeirra stað. Í forföllum formanna héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar. Að auki getur framkvæmdastjórn boðið öðrum aðilum að sitja fundi ef hún telur ástæðu til.

- 15.3. Skylt er að boða til formannafundar ef helmingur formanna óskar þess skriflega.

- 15.4. Ferðakostnaður fundarmanna greiðist af ÍSÍ.

16. grein Dagskrá formannafundar

- 16.1. Dagskrá formannafunda skal vera eftirfarandi:
 1. Fundarsetning.

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla framkvæmdastjórna um liðið ár.
4. Lagðir fram reikningar til kynningar.
5. Umræður um skýrslu og reikninga.
6. Tillögur til kynningar um stofnun nýrra sérsambanda.
7. Framtíðarsýn.
8. Mál sem framkvæmdastjórn leggur fyrir formannafund hverju sinni.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

17. grein Framkvæmdastjórn

- 17.1. Í framkvæmdastjórn ÍSÍ eiga sæti:
- a) Fulltrúi Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) á Íslandi, hafi hann verið kjörinn í nefndina á grundvelli ríkisfangs og búsetu eða aðalbækistöðvar hér á landi.
 - b) 15 menn kosnir á Íþróttapéngi.
Kosning fari þannig fram:
 1. Forseti
 2. 14 meðstjórnendur. Kosning skal fara þannig fram að kjörtímabil er fjögur ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á hverju Íþróttapéngi.
 - c) Stjórnin kýs varaforseta, ritara og gjaldkera úr sínum hópi. Falli forseti frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaforseti sæti hans fram að næsta Íþróttapéngi. Sé forsetakjör ekki á dagskrá þess þings skal þrátt fyrir það kjörinn nýr forseti til tveggja ára. Hætti meðstjórnandi störfum eða falli hann frá skal kosinn meðstjórnandi í hans stað á næsta Íþróttapéngi og skal kjörtímabil hans vera það sama og þess sem hann kemur í stað.
- 17.2. Framkvæmdastjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Milli funda annast framkvæmdaráð, þar sem sitja forseti, varaforseti, ritari og gjaldkeri um erindi sem berast framkvæmdastjórn og afgreiðslu þeirra. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sambandsins samkvæmt erindisbréfi þar um. Forseti boðar til funda í framkvæmdastjórn. Komi til atkvæðagreiðslu á fundi framkvæmdastjórna og atkvæði falla jöfn, þá skal atkvæði forseta ráða úrslitum.
- 17.3. Þeir sem kjörnir eru í framkvæmdastjórn, mega ekki gegna formennsku í sérsambandi eða héraðssambandi/Íþróttabandalagi. Hið sama gildir um formann Afrekssjóðs ÍSÍ.
- 17.4. Fundargerðir Íþróttapéngs, er lúta að kosningu til framkvæmdastjórna, skulu sendar Alþjóðaólympíunefndinni í endurriti, sem forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ staðfesta fyrir þess hönd. Breytingar á skipan framkvæmdastjórna á kjörtímabili hennar skulu tilkynntar með hliðstæðum hætti.

18. grein Störf framkvæmdastjórnar

- 18.1. Helstu störf framkvæmdastjórna eru þessi:

- a. Að fylgja eftir samþykktum Íþróttapéngs.
- b. Að stýra málefnum ÍSÍ milli Íþróttapénginga.

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

- c. Að annast rekstur sambandsins.
- d. Að sjá um viðskipti við innlenda og erlenda aðila um mál, sem ekki heyra undir sérsambönd.
- e. Að fylgjast með störfum sérsambanda og héraðssambanda/íþróttabandalaga. Skal framkvæmdastjórn í þessu skyni:
- f. Hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum sambandsaðila og ef ástæða þykir til getur framkvæmdastjórn tilnefnt sérstakan endurskoðanda fyrir sérsamband eða héraðssamband/íþróttabandalag og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi sambandsaðila. Sambandsaðili getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda. Fylgjast með því að lögum og reglum ÍSÍ og sambandsaðila þess sé hlýtt. Fylgjast með því að þing/aðalfundir sambandsaðila séu haldnir og ef þörf krefur, annast um boðun og framkvæmd þeirra. Úrskurða í deilum á milli sambandsaðila.
- g. Að sjá um að samdar séu þær almennar reglur, er gilda skuli fyrir allar íþróttagreinar.
- h. Að semja og gefa út reglugerðir um störf nefnda.
- i. Að gegna hlutverki sérsbandsstjórnar í þeim íþróttagreinum, þar sem sérsamband hefur ekki verið stofnað.
- j. Að banna heimsóknir erlendra keppenda hingað til lands, telji framkvæmdastjórnin þær miður heppilegar fyrir hagsmuni heildarsamtakanna.
- k. Að staðfesta lög sambandsaðila.

19. grein Skipun fastanefnda

- 19.1. Í upphafi starfstíma síns skipar framkvæmdastjórn fastanefndir og ráð stoðsviða ÍSÍ. Stoðsvið ÍSÍ eru þrjú; Afreks-og Ólympíusvið, Þróunar- og fræðslusvið og Almenningsíþróttasvið. Kjörtímabil þeirra er til tveggja ára, hið sama og framkvæmdastjórnar, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Stoðsvið ÍSÍ skulu m.a. hafa yfirumsjón með viðkomandi málaflokkum, vera framkvæmdastjórn til ráðuneytis og sjá um verkefni þeim tengdum.
- Þær fastanefndir sem skipa skal eru: Stjórn Afrekssjóðs, Heilbrigðisráð, Lyfjaeftirlitsnefnd, Lyfjaráð, Fjármálaráð, Laganefnd, Heiðursráð, Íþróttamannanefnd, Upplýsinga- og fjölmíðlanefnd og Alþjóðanefnd. Aðrar nefndir eru skipaðar eftir því sem tilefni gefst til að mati framkvæmdastjórnar.

4. kafli Dómstólar ÍSÍ

4.1 Dómstólaskipan og sameiginleg ákvæði.

20. grein Dómstigin.

- 20.1. Dómstólar samkvæmt lið 20.2 og 20.3 nefnast einu nafni Dómstólar ÍSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar og sem varða lög og reglur Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), sérsambanda, héraðssambanda, íþróttabandalaga, aðildarfélaga eða einstakra iökenda eftir því sem við á. Dómstólar ÍSÍ skulu byggja niðurstöður sínar á lögum þessum og reglum.
- Sérsamböndum innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er þó heimilt að ákveða í lögum sínum að viðkomandi sérsamband hafi sérstaka dómstóla, undirdómstig og áfrýjunardómstig, innan viðkomandi sambands.
- Sérsamband telst heyra undir dómstóla ÍSÍ þar til lagabreyting sem tiltekur að viðkomandi sérsamband hafi tekið upp eigjð dómsstólakerfi með undirdómstigi og áfrýjunardómstigi,

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

hefur verið staðfest af ÍSÍ. Dómstólar þeirra sérsambanda sem taka upp eigið dómstólakerfi skulu lúta dómstólareglum viðkomandi sérsambands og skulu öll ágreiningsmál er varða þá íþróttagrein rekin fyrir viðkomandi sérsambandsdómstólum. Lög þessi um dómstólaskipan skulu þó vera þeim reglum til fyllingar, eftir því sem við getur átt.

- 20.2. Dómstóll ÍSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar, nema viðkomandi sérsamband hafi sérstakan dómstól sbr. 1.mgr. Dómstóll ÍSÍ er þó alltaf fyrsta dómstig í málum er varða brot á 2. gr. og 10 gr. í lögum ÍSÍ um lyfjamál.
- 20.3. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ er æðsti dómstóll innan íþróttahreyfingarinnar.
- 20.4. Dómstólar ÍSÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, 104 Reykjavík. ÍSÍ skal á skrifstofu sinni halda skrá yfir þau sérsambönd sem hafa eigin dómstóla. Sérsambönd skulu tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú sem haldin er á skrifstofu ÍSÍ telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

21. grein Vanhæfi.

- 21.1. Dómari, þar á meðal meðdómari, er vanhæfur til að fara með mál ef:
 - a) hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila.
 - b) hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu sem dómarar hafa.
 - c) hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið.
 - d) hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
 - e) hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið.
 - f) hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið.
 - g) fyrir eru hendi önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef dómari eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.
- 21.2. Verði allir dómarar dómstóls vanhæfir til setu í dómsmáli skal framkvæmdastjórn ÍSÍ skipa á stjórnarfundi, dómara, sem uppfyllir hæfisskilyrði til að fara með málið. Sé um fjölskipaðan dóm að ræða skal sá sem skipaður er af framkvæmdastjórn velja aðra dómarar.

22. grein Almenn hæfisskilyrði.

- 22.1. Kjörnir dómarar dómstóla ÍSÍ skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
 - a) að vera svo á sig komnir andlega og líkamlega að þeir geti gegnt embættinu,
 - b) að hafa lokið embættisprófi í lögum.
 - c) að hafa náð 25 ára aldri.
- 22.2. Meðdómarar sem taka sæti í dómstól ÍSÍ skulu hafa almenna þekkingu á íþróttalögum og

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

málefnum íþróttahreyfingarinnar, eða aðra þá sérþekkingu sem nauðsynleg telst í viðkomandi máli.

4.2 Dómstóll Ísí.

23. grein Skipan dómsins.

- 23.1. Dómarar dómstóls ÍSÍ skulu vera sex.
- 23.2. Á reglulegu íþróttabingi, skulu kosnir sex dómarar til setu í dómnum til næsta reglulega þings.
- 23.3. Á fyrsta dómarafundi eftir reglulegt íþróttabing skulu dómarar koma saman og kjósa dómsformann. Náist ekki niðurstaða með kosningu hver skuli kosinn formaður dómsins skal varpað hlutkesti milli þeirra sem flest atkvæði fá í kosningu. Þá skal kosinn fyrsti og annar varaformaður dómsins með sama hætti.
- 23.4. Dómurinn skal hafa starfsaðstöðu á skrifstofu ÍSÍ. Allar kærur skulu berast á skrifstofu dómsins. Formaður ákveður hver af hinum reglulegu dómurum fer með það mál sem er til meðferðar. Mál skal rekið þar sem hagkvæmast er fyrir aðila hverju sinni.
- 23.5. Einn dómari skal fara með hvert mál.
- 23.6. Í málum sem varða meint brot á 44. gr. laga ÍSÍ og þegar fram koma varnir af hálfu kærða ber dómara að kalla til two meðdómara í dóminn og skal a.m.k. annar þeirra hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði eða öðrum lífvísindum. Nú telur dómari þörf á meðdómurum, þrátt fyrir að varnir hafi ekki komið fram, og er honum þá einnig heimilt, í samráði við formann dómsins, að kalla til two meðdómara. Meðdómarar þurfa ekki að vera löglærðir.

24. grein Kærufrestur.

- 24.1. Kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrot er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands. Í málum er varða brot á 44. grein laga ÍSÍ skal kærufrestur þó vera fjórar vikur frá því að öll gögn málsins berast Lyfjaráði ÍSÍ.
- 24.2. Dómstóll ÍSÍ getur veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
- 24.3. Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.

25. grein Meðalganga og upplýsingagjöf.

- 25.1. Telji aðili að mál varði mikilsverða hagsmuni hans, er honum heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins.

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

26. grein Form og efni kæru.

- 26.1. Kæra skal vera skrifleg. Dómstóll ÍSÍ skal láta útbúa sérstakt eyðublað sem nota má sem kæru. Eyðublað þetta skal liggja frammi á skrifstofu ÍSÍ.
- 26.2. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í kæru:
 - a) Nafn, kennitala og heimilisfang kæranda.
 - b) Nafn kærða, kennitala og heimilisfang.
 - c) Nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans, símanúmer, númer myndsendis og netfang.
 - d) Greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málínu.
 - e) Lýsing helstu málavaxta.
 - f) Tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga.
 - g) Lýsing á helstu röksemendum aðila málsins.
 - h) Lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum.
 - i) Upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skyrslutöku.
- 26.3. Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send dóminum í tveimur eintökum.

27. grein Málsmeðferð.

- 27.1. Mál telst höfðað með því að kæra berst á skrifstofu ÍSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.
- 27.2. Formaður dómsins skal svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 26.gr. geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málínu skal dómsformaður vísa málínu frá domi með úrskurði.
- 27.3. Telji dómsformaður að málið sé réttilega höfðað skal hann innan tveggja virkra daga ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.
- 27.4. Sé dómsformaður forfallaður skulu varaformenn annast þau verkefni sem til falla í þeirri röð sem þeir eru kosnir.
- 27.5. Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða (varnaraðila) áskorun um að halda uppi vörnum í málínu ásamt afriti af kærunni. Áskorunina skal senda með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en ein vika. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 26. grein, eftir því sem við getur átt.
- 27.6. Hver aðili skal hafa rétt á túlki við skýrslugjöf ef dómstóllinn telur þörf á því. Dómstóllinn metur hverju sinni á hvorn aðila kostnaður af slíkri þjónustu fellur.
- 27.7. Dómari getur óskað eftir skriflegum athugasemendum frá sérsambandi eða öðrum þeim sem málið varðar.
- 27.8. Þegar dómari hefur móttekið greinargerð varnaraðila, skal hann boða til þinghalds, þingfesta málið og ákveða framhald þess, þ.m.t. hvort málið skal flutt munnlega eða

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

skriflega. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum. Dómari getur ákveðið annan hátt á málsmeðferð eftir þingfestingu.

- 27.9. Dómur skal kveðinn upp innan viku frá því að málflutningi lauk.
- 27.10. Birta skal aðilum dóm eða úrskurð á ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt, ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögn og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar, áfrýjunarfresti og hvert áfrýja megi.
- 27.11. Tilkynna skal alla dóma um óhlutgengi félagi hins dómfellda og viðkomandi héraðssambandi/íþróttabandalagi og viðkomandi sérsambandi, ef um einstakling er að ræða, en hlutaðeigandi samtökum íþróttahreyfingar-innar, ef dómþoli er félag.

28. grein Flýtimeðferð máls.

- 28.1. Telji formaður dómsins augljóst við skoðun á kæru sem honum berst, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar, er honum heimilt að beina þeirri kröfu til gagnaðila, að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær varnir séu. Komi í ljós að engar varnir verða hafðar uppi í málinu eða ef framkomnar varnir eru bersýnilega tilgangslausar er honum heimilt með úrskurði að dæma kæranda í hag.
- 28.2. Heimilt er að skjóta úrskurði samkvæmt gr. 28.1. til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Fer um það skv. 33. gr.

29. grein Tilnefning talsmanns fyrir dómi.

- 29.1. Hver málsaðili á rétt á málssvara á eigin kostnað við meðferð málsins fyrir dómstólum ÍSÍ.
- 29.2. Telji dómurinn að hætta sé á að málstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður dómsins upplýst framkvæmdastjóra ÍSÍ um slíkt. Framkvæmdastjóri ÍSÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi málinu.

30. grein Kæruréttur.

- 30.1. Rétt til kæru hefur hver sá, einstaklingar, félag og félagasamtök, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls.
- 30.2. Sérsambönd, héraðssambönd/íþróttabandalög og félög geta höfðað mál vegna allra atriða er varða viðkomandi sérsamband eða félag.
- 30.3. Framkvæmdastjórn ÍSÍ, getur höfðað mál vegna allra brota á reglum ÍSÍ.
- 30.4. Lyfjaráð ÍSÍ getur höfðað mál vegna brota á 44. grein.

4.3 Áfrýjunardómstóll ÍSÍ.

31. grein Skipan dómsins.

- 31.1. Í áfrýjunardómstól ÍSÍ skulu eiga sæti sex dómarar kosnir af reglulegu Íþróttapíngi.
- 31.2. Á reglulegu Íþróttapíngi, skulu kosnir sex dómarar til setu í dómnum til næsta reglulega þings.
- 31.3. Forseti dómsins og varaforseti skulu kosnir á fyrsta dómaraundi eftir reglulegt Íþróttapíng. Verði atkvæði jöfn við kosningu, skal varpað hlutkesti milli þeirra sem flest atkvæði fá í kosningu.

32. grein Fjöldi dómara.

- 32.1. Þrír dómarar skulu dæma hvert mál fyrir dómstólnum. Forseti dómsins skal ákveða hverju sinni hvaða þrír dómarar skuli fara með mál. Forseti, eða varaforseti í forföllum hans, skal úrskurða um hæfi einstakra dómenda.

33. grein Áfrýjun.

- 33.1. Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ.
- 33.2. Þar sem sérsamband ákveður að hafa sérstaka dómstóla þá verður málum þeirra ekki skotið til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Þó er heimilt að áfrýja þeim málum áfrýjunardómstóla sérsambanda sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í þessum tilvikum hvort kæruatriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Ef áfrýjunardómstóllinn hafnar kæruatriðum áfrýjanda er málinu endanlega lokið.
- 33.3. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.
- 33.4. Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.
- 33.5. Eftirtaldir aðilar hafa áfrýjunarrétt í málum er varða brot á 2. gr. í lögum ÍSÍ um lyfjamál af hálfu íþróttamanns er tilgreindur er í gr. 1.2.1.1 og gr. 1.2.1.2 í Lögum ÍSÍ um lyfjamál a) eða b):
 - a) hinn ákærði
 - b) Lyfjaráð ÍSÍ
 - c) Alþjóða Lyfjaeftirlitsstofnunin World Anti-Doping Agency, WADA
 - d) viðkomandi alþjóðlegt sérsamband

Ef ákærði var á afrekslista alþjóðlegs sérsambands er brotið var framið hafa eftirtaldir einnig áfrýjunarrétt:

- a) annar framkvæmdaraðili lyfjaeftirlits, sem hefði getað farið fram á refsingu yfir ákærða samkvæmt eigin reglum
- b) Alþjóðaólympíunefndin eða eftir atvikum Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

34. grein Ný gögn og málsmeðferðarreglur.

- 34.1. Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstól. Vitna og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram.
- 34.2. Dómstólnum er heimilt að víkja frá ákvæði 1.mgr. þegar sérstaklega stendur á.
- 34.3. Málsmeðferðarreglur kafla 4.2 laganna skulu gilda um áfrýjunardómstól ÍSÍ eftir því sem við á.

4.4 Almenn ákvæði.

35. grein Tegundir brota.

- 35.1. Undir dómstóla ÍSÍ heyra öll brot á lögum ÍSÍ, sérsambanda, héraðssambanda/íþróttabandalaga og félaga samkvæmt þeim lögum og reglum er um það gilda sbr. þó 2. ml. 1. mgr. 20. gr. og auk þess:
 1. Brot gegn móta- og leikreglum.
 - a) Að láta skrá íþróttamann til keppni gegn vilja hans eða að honum forspurðum.
 - b) Að koma ekki til leiks án löglegra forfalla, ef hlutaðeigandi íþróttamaður hefur látið skrá sig til keppni.
 - c) Að blekkja eða reyna að blekkja starfsmann í leik eða óhlýðnast fyrirmælum sem hann gefur stöð sinni samkvæmt.
 - d) Að koma ósæmilega fram við eða ögra starfsmanni meðan á móti eða sýningu stendur eða síðar sakir atvika, sem þar gerðust.
 - e) Að taka þátt í keppni eða sýningu með eða undir forsjá aðila, félags eða einstaklings, sem úrskurðaður hefur verið óhlutgengur, enda hafi óhlutgengisúrskurðurinn verið birtur samkvæmt grein 27.10 og 27.11.
 2. Brot gegn íþróttasamtökum.
 - a) Að bera yfirvöld, einstaklinga eða félög innan íþróttahreyfingarinnar röngum sökum eða kæra þau að ástæðulausu.
 - b) Að blekkja eða reyna að blekkja yfirvald innan íþróttahreyfingarinnar með röngum skýrslum, eða villandi upplýsingum.
 - c) Að koma ósæmilega fram við, ögra eða hafa í hótunum við yfirvald innan íþróttahreyfingarinnar vegna atvika sem standa í sambandi við trúnaðarstörf yfirvaldsins fyrir íþróttahreyfinguna.
 3. Brot gegn áhugamannareglum ÍSÍ eða sérsambanda þess.
 4. Brot út á við, sem valda íþróttahreyfingunni álitshnekki.
 - a) Að koma svo fram, að íþróttunum sé álitshnekkir að.
 - b) Brot gegn hegningarlögunum, sem hafa í för með sér svíptingu borgaralegra réttinda.
 5. Brot gegn reglum ÍSÍ um keppnisferðir.

36. grein Dómsniðurstöður.

- 36.1. Dómstólar ÍSÍ geta í dómsorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:
- Dæmt mótt ógild og eftir atvikum dæmt að mótt skuli endurtekið.
 - Dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra.
 - Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum og sérsamböndum en ekki einstaklingum. Dagsektir renni til ÍSÍ.
 - Ákveðið sektir á félög og sérsambönd.
 - Málskostnað, ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus.
- 36.2. Þær refsingar sem dómstólar ÍSÍ geta beitt eru:
- Áminning.
 - Vítur.
 - Óhlutgengi
 - útilokun frá þáttöku í æfingum, keppnum og sýningum innan íþróttahreyfingarinnar, tímabundið eða ævilangt
 - sviþting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar) tímabundið eða ævilangt.
 - Aðrar refsingar er lög eða reglur sérsambanda, héraðssambanda/-íþróttabandalaga og félaga tiltaka.
- 36.3. Ef verulegar líkur eru til að ætla að íþróttamaður verði úrskurðaður óhlutgengur skv. grein 36.2. c) og brýna nauðsyn ber til, er dómstóll ÍSÍ heimilt að úrskurða um bráðabirgðabann við þáttöku hans í æfingum, keppnum og sýningum á vegum sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda innan þeirra og við því að hann gegni trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar, enda hafi komið fram rökstudd krafa um það frá aðila sem kærurétt hefur skv. 30. gr. Meðferð slíkra mála skal vera skv. 28. gr. Bráðabirgðabannið tekur gildi frá þeim tíma sem íþróttamanninum er tilkynnt um það. Hafi ekki verið ákært og dæmt í málinu þegar fjórar vikur eru liðnar frá þeim tíma, skal dómstóll ÍSÍ taka ákvörðun um hvort bráðabirgðabannið verður framlengt eða fellt úr gildi. Heildarlengd bráðabirgðabanns má þó aldrei verða meiri en lengd þess refsítima sem ætla má að lokadómur í hverju máli kveði á um. Útgáfa, framlenging eða niðurfelling bráðabirgðabanns skal tilkynnt skriflega íþróttamanninum, félagi hans og sérsambandi því er hann heyrir undir, með sannanlegum hætti. Hafi íþróttamaður verið úrskurðaður í bráðabirgðabann áður en hann er dæmdur til refsingar skv. gr. 36.2.c skal lengd þess koma til frádráttar þeim refsítima sem lokadómur í málinu kveður á um.

37. grein Þingbækur/Dómabækur.

- 37.1. Við dómstóla ÍSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu.
Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi.
- 37.2. Við dómstóla ÍSÍ skal haldin sérstök dómbók sem hefur að geyma uppkveðna dóma og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg.

38. grein ÍSÍ sérsamband.

- 38.1. Framkvæmdastjórn ÍSÍ í þeim greinum, sem ÍSÍ er sérsamband fyrir, og stjórnir sérsambanda, í sínum greinum, geta kveðið upp óhlutgengisúrskurði yfir íþróttamönnum, sem brotlegir eru, en skyld er að skjóta slíkum úrskurðum til Dómstóls ÍSÍ sem ber þegar að taka slík mál fyrir.

39. grein Niðurfelling refsingar.

- 39.1. Íþróttapindi er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan íþróttasamtakanna.

5. kafli Heilbrigðis- og lyfjamáli

40. grein. Heilbrigðisráð

- 40.1. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar 5 menn í Heilbrigðisráð ÍSÍ til tveggja ára í senn og skal amk. einn þeirra vera læknir.
- 40.2. Hlutverk Heilbrigðisráðs ÍSÍ er:
- Að vera framkvæmdastjórn og sambandsaðilum til ráðgjafar varðandi heilbrigðismál íþróttamanna.
 - Að vera til ráðgjafar varðandi fræðslu er lýtur að heilbrigðismálum íþróttamanna.
 - Að vera ráðgefandi vegna skipulags á heilbrigðisþjónustu við íþróttamenn og hópa sem taka þátt í alþjóðlegum móturnum á vegum ÍSÍ eða njóta styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ.

41. grein. Lyfjaeftirlitsnefnd

- 41.1. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar 3 menn í Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ til tveggja ára í senn og skal amk. einn þeirra hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði eða öðrum lífvísindum. Ráðuneyti íþróttamála skal gefinn kostur á að tilnefna einn nefndarmanna.
- 41.2. Hlutverk Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ er
- Að skipuleggja og framkvæma eftirlit með lyfjanotkun íþróttamanna.
 - Ásamt Lyfjaráði ÍSÍ, að skipuleggja og standa fyrir fræðslu um lyfjamisnotkun íþróttamanna og lyfjaeftirlit með íþróttamönnum

42. grein. Lyfjaráð

- 42.1. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar 3 menn í Lyfjaráð ÍSÍ til tveggja ára í senn og skal amk. einn þeirra hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði eða öðrum lífvísindum og einn vera lögfræðingur.
- 42.2. Hlutverk Lyfjaráðs ÍSÍ er:
- Að vera framkvæmdastjórn og sambandsaðilum til ráðgjafar um lög og reglur er varða lyfjamisnotkun íþróttamanna og lyfjaeftirlit með íþróttamönnum
 - Ásamt Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ, að skipuleggja og standa fyrir fræðslu um lyfjamisnotkun íþróttamanna og lyfjaeftirlit með íþróttamönnum.
 - Að fara með ákærvald í málum er varða brot á Lögum ÍSÍ um lyfjamál.

43. grein

Þrátt fyrir ákvæði greina 41 og 42 er ÍSÍ heimilt að veita öðrum þar til bærum aðilum, umboð til að skipuleggja og framkvæma eftirlit með lyfjamisnotkun íþróttamanna, ásamt því að fara með ákærvald í málum er varða brot á Lögum ÍSÍ um lyfjamál.

44. grein

Lagaákvæði um lyfjamál sem eru byggð eru á Alþjóðalyfjareglunum (World Anti Doping Code), sem gefnar eru út af Alþjóðalyfjaeftirlitinu (World Anti Doping Agency, WADA) eru sett með sér lögum, Lögum ÍSÍ um lyfjamál.

6. kafli Héraðssambönd og íþróttabandalög

45. grein

- 45.1. Samkvæmt íþróttalögum er landinu skipt í íþróttahéraði. Í hverju íþróttahéraði skal vera eitt héraðssamband/íþróttabandalag allra íþróttafélaga í héraðinu til að vinna að hinum ýmsu hagsmunamálum þeirra.
- 45.2. Hlutverk héraðssambanda/íþróttabandalaga er:
 - a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
 - b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
 - c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
 - d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
 - e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
 - f) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga
 - g) Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
 - h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarnar í heild. Í því skyni skal héraðssamband/íþróttabandalag hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarfélaga/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjáreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.
- 45.3. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins/íþróttabandalagsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
Ársþingi héraðssambands/íþróttabandalags er heimilt, hafi íþróttafélag ekki farið að lögum og/eða fyrirmælum þess, að ákveða að víkja félagini úr héraðssambandinu/íþróttabandalaginu.
Ákveði ársþing héraðssambands/íþróttabandalags að víkja félagi úr því er héraðssambandinu/íþróttabandalaginu skyld að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

46. grein

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

- 46.1. Héraðssambandi/íþróttabandalagi er stjórnað af:
 - a) Héraðsþingi
 - b) Héraðsstjórn
- 46.2. Lög héraðssambands/íþróttabandalags og lagabreytingar, sem gerðar kunna að verða, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar.
- 46.3. Héraðsþing skal halda ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti. Þing héraðssambanda/íþróttabandalaga er ekki heimilt að halda á sömu dögum og Íþróttapring eða formannafundur ÍSÍ fara fram.
- 46.4. Í lögum héraðssambanda/íþróttabandalaga skulu vera ákvæði um eftirfarandi:
 - a) Héraðsþing séu boðuð með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara.
 - b) Hvert aðildarfélag og sérráð eigi rétt á að tilnefna fulltrúa á Héraðsþing skv. nánari reglum þar um í lögum héraðssambandsins/íþróttabandalagsins.
 - c) Val fulltrúa miðist við félagsmenn samkvæmt félagatali síðastliðins starfsárs.
 - d) Ákvæði um dagskrá þingsins.
 - e) Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Héraðsþing skuli senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með eigi minna en einnar viku fyrirvara.
 - f) Við atkvæðagreiðslu almennra mála og í kosningum ráði einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa en til lagabreytinga þurfi 2/3 hluta sömu fulltrúa.

7. kafli Sérsambönd

47. grein

- 47.1. Sérsamband er samband héraðssambanda/íþróttabandalaga í hlutaðeigandi íþróttagrein. Sérsamband hefur heimild til að hafa bein boðskipti við þau félög sem hafa iðkun íþróttagreinar viðkomandi sérsambands á stefnuskrá sinni.
- 47.2. Sérsamband er æðsti aðili innan ÍSÍ um sérfræðileg málefni íþróttagreinar sinnar.
- 47.3. Sérsamband skal senda ÍSÍ árlega starfsskýrslu.
- 47.4. Hlutverk sérsambanda er í meginatriðum:
 - a) Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.
 - b) Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómarar, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
 - c) Að vera fulltrúi íþróttagreinar sinnar gagnvart útlöndum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.

48. grein

- 48.1. Sérsambandi er stjórnað af:
 - a) Sérsambandsþingi.
 - b) Sérsambandsstjórn.
- 48.2. Sérsambandsþing skal halda ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti. Óheimilt er að halda þau á sömu dögum og Íþróttapring eða formannafundir ÍSÍ fara fram.

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

48.3. Í lögum sérsambanda skulu vera ákvæði um eftirfarandi:

- Sérsbandsþing séu boðuð með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda þeim aðilum sem eiga rétt á fulltrúa/fulltrúum á þingið samkvæmt lögum viðkomandi sérsambands.
- Val fulltrúa á sérsbandsþingi miðist við fjölda iðkenda, félaga eða keppenda eða eftir annarri aðferð sem viðkomandi sérsamband ákveður og framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkir. Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur viðkomandi íþróttagrein innan sinna vébanda, skal þó eiga rétt á a.m.k. einum áheyrnarfulltrúa með málfrensi og tillögurétt á sérsbandsþing til viðbótar við fulltrúa félaga innan viðkomandi héraðssambands/-íþróttabandalags.
- Dagskrá sérsbandsþings sé ákveðin í lögum.
- Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sérsbandsþing, skuli senda viðkomandi aðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.
- Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum ráði einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddir atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þurfi 2/3 hluta sömu fulltrúa.

49. grein

- Skylt er framkvæmdastjórn ÍSÍ að hafa forgöngu um stofnun sérsambands, ef a.m.k. fimm héraðssambönd/íþróttabandalög þar sem viðkomandi íþróttagrein er stunduð, æskja þess og iðkendafjöldi í íþróttagreininni er yfir 250.
- Heimilt er framkvæmdastjórn ÍSÍ að hafa forgöngu um að leggja niður sérsamband ef íþróttagreinin er ekki stunduð amk innan þriggja héraðssambanda/íþróttabandalaga.
- Þegar stofnun sérsambands er ákveðin, skal framkvæmdastjórn ÍSÍ tilkynna það öllum héraðssamböndum/íþróttabandalögum og félögum þar sem viðkomandi íþróttagrein er stunduð og boða þessa aðila til stofnbings. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag og hvert félag skal eiga kost á einum fulltrúa á stofnþingi. Eftir stofnun sérsambandsins heyra öll sérgreinamál íþróttarinnar undir stjórn þess.
- Þegar niðurlagning sérsambands er ákveðin skal framkvæmdastjórn ÍSÍ tilkynna viðkomandi héraðssamböndum/íþróttabandalögum það bréflega.
- Lög sérsambands og lagabreytingar, sem gerðar kunna að verða, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar.

8. kafli Sérráð

50. grein

- Sérráð er samband þeirra félaga og félagsdeilda í íþróttahéraði, sem hafa iðkun sömu íþróttar á stefnuskrá sinni. Það fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan héraðsins. Um önnur mál er sérráð háð hlutaðeigandi héraðssambandi/íþróttabandalagi.

51. grein

- Þar sem tvö eða fleiri íþróttafélög hafa iðkun sömu íþróttagreinar á stefnuskrá sinni, má héraðssamband/íþróttabandalag stofna sérráð.

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

- 51.2. Héraðssambönd/íþróttabandalög skulu setja starfsreglur um sérráð sem kynna þarf sérsambandi í viðkomandi íþróttagrein.

52. grein

Sérráði er stjórnað af sérráðsstjórn, sem skipuð er af stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags eða eftir annarri aðferð sem kveðið er á um í starfsreglum viðkomandi sérráðs.

9. kafli Almenningsíþróttir

53. grein

Almenningsíþróttasvið í umboði framkvæmdastjórnar ÍSÍ er æðsti aðili varðandi almenningsíþróttir. Skal sviðið leggja áherslu á að efla þennan þátt í starfsemi íþróttahreyfingarinnar, bæði með verkefnum á sínum vegum en einnig skulu sambandsaðilar ÍSÍ sinna þessum þætti eftir föngum.

10. kafli Ýmis ákvæði

54. grein Merki ÍSÍ

- 54.1. Merki ÍSÍ skal sýna gjósandi eldfjall hvílandi á Ólympíuhringjunum. Þrjár rauðar eldtungur eru tákni innri krafts, hreysti og hins ólympíiska elds. Fjallið er stílfært úr fimm röndum í íslensku fánalitunum, blá og hvít til hvorrar hliðar og ein rauð í miðju.
- 54.2. Fáni ÍSÍ er hvítur með merki ÍSÍ í miðju.
- 54.3. Komi til álita að breyta fána eða merki ÍSÍ skal ákvörðun um það af hálfu íþróttapings borin undir framkvæmdastjórn Alþjóðaólympíunefndarinnar, enda ber að leita samþykks hennar við fána, merki eða einkennislagi, sem ÍSÍ noti í starfsemi sinni, þar á meðal á Ólympíuleikunum.

55. grein Merki Alþjóðaólympíunefndarinnar, IOC

- 55.1. Alþjóðaólympíunefndin, IOC, hefur einkarátt á allri notkun Ólympíutáknins, Ólympíufánans, Ólympíukjörorðsins og Ólympíúóðsins svo sem lýst er í Ólympíusáttmálanum. ÍSÍ hefur einkarátt á notkun þessara tákna hér á landi fyrir hönd IOC. ÍSÍ er ekki heimilt að nota táknið né fánann, nema með samþykki IOC.

56. grein Heiðursforseti

- 56.1. Íþróttapeng kýs heiðursforseta ÍSÍ og þarf samþykki 4/5 hluta viðstaddir þingfulltrúa til að kjörið teljist gilt.
- 56.2. Heiðursforseti ÍSÍ hefur rétt til setu á framkvæmdastjórnarfundum, formannafundum og á íþróttapengum, með málfrelsi og tillögurétti.
- 56.3. Heiðursforseti kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar framkvæmdastjórn eða forseti fela honum það.

57. grein Heiðursfélagar

- 57.1. Heiðursfélaga má kjósa á íþróttapengi.

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

57.2. Heiðursfélagar ÍSÍ hafa rétt til setu á Íþróttapringum með málfrelsi og tillögurétti.

58. grein Félagsslit

58.1. Í lögum allra aðila að sambandinu skulu vera ákvæði um félagsslit svo og um ráðstöfun eigna sambandsaðila, þegar samtök slíkra aðila leysast upp eða hafa hætt störfum, að dómi framkvæmdastjórnar.

59. grein Slit ÍSÍ

- 59.1. ÍSÍ verður ekki slitið nema á Íþróttapringi og þá því aðeins, að 4/5 hlutar atkvæðisbærra fulltrúa, þeirra er rétt eiga til setu á Íþróttapringi, samkvæmt lögum þessum samþykki þá ráðstöfun.
- 59.2. Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars Íþróttapings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með atkvæðum a.m.k. 4/5 hlutum atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, skulu það heita lögleg sambandsslit.

60. grein Ráðstöfun eigna

- 60.1. Sé ÍSÍ þannig löglega slitið, skulu allar eignir þess renna í einn sjóð.
- 60.2. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en 2/3 hlutum árvaxta hans skal varið til styrktar uppeldis- og íþróttamálum eftir ákvörðun þriggja manna nefndar.
- 60.3. Nefnd þessi skal þannig skipuð, að einn nefndarmanna sé tilnefndur af fráfarandi stjórn, annar sé tilnefndur af ráðuneyti íþróttamála og sá þriðji sé tilnefndur af Hæstarétti, og sé hann jafnframt formaður.
- 60.4. Falli nefndarmaður frá, tilnefnir Hæstiréttur mann í staðinn, þannig að nefndin sé ávallt fullskipuð.

61. grein Brottrekstur

- 61.1. Ekki er unnt að víkja sambandsaðila úr ÍSÍ nema með samþykki Íþróttapings og þá því aðeins, að 2/3 hlutar atkvæðisbærra fulltrúa, þeirra er rétt eiga til setu á Íþróttapringi samkvæmt lögum þessum, samþykki þá ráðstöfun.

62. grein Lagabreytingar

- 62.1. Lögum þessum verður ekki breytt nema á Íþróttapringi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða viðstaddir atkvæðisbærra fulltrúa.

63. grein Túlkun gagnvart Ólympíusáttmálanum

- 63.1. Lög ÍSÍ skulu jafnan vera í samræmi við Ólympíusáttmálann, að því leyti sem hann getur átt við, og skírskota til hans berum orðum. Breytingar á lögnum frá því, sem Alþjóðaólympíunefndin hefur staðfest, skulu sendar nefndinni til staðfestingar með sama hætti, í endurriti, sem forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ votta fyrir þess hönd.
- 63.2. Leiki einhver vafi á um gildissvið eða túlkun laga ÍSÍ eða gæti misräemis í ákvæðum þeirra við Ólympíusáttmálann, sem í gildi er á hverjum tíma, skal farið eftir Ólympíusáttmálanum

LÖG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS 2015

um öll atriði sem hann nær yfir.

- 63.3. Sérhverri ákvörðun eða dómi, sem Áfrýjunardómstóll ÍSÍ kveður upp, má skjóta með áfrýjun til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport) í Lausanne, Sviss, sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálínu í samræmi við Reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-Related Arbitration). Áfrýjunarfrestur er 21 dagur frá því að málсаðili fær í hendur þá ákvörðun, sem áfrýjunin varðar.

64. grein Reglugerðir

- 64.1. Framkvæmdastjórн ÍSÍ setur með reglum og reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Ákvæði reglna og reglugerða sem nú eru í gildi, halda gildi sínu að því leyti sem ákvæði þeirra fara ekki í bága við lög ÍSÍ.

65. grein Gildistaka

- 65.1. Lög þessi öðlast gildi þegar eftir samþykkt þeirra og falla þá eldri lög úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Lagabreytingar sem samþykktar eru á 72. Íþróttapengi ÍSÍ taka ekki gildi fyrr en 72. Íþróttapengi lýkur. Á Íþróttapengi ÍSÍ árið 2017 skal kosning meðstjórnenda fara þannig fram: Fyrst skulu kosnir sjö meðstjórnendur til fjögurra ára. Að þeirri kosningu lokinni skulu sjö meðstjórnendur vera kosnir til tveggja ára. Séu fleiri en sjö í framboði til fjögurra ára kjörtímabilis skulu þeir sem ekki náðu kjöri eiga þess kost að bjóða sig fram í kosningu til tveggja ára.

Samþykkt á 72. Íþróttapengi ÍSÍ 18. apríl 2015.